

Leikskólinn Kirkjugerði og gæsluvöllur

Leikskólakennari/leiðbeinandi – Sumarstörf

Leitað er að kennurum til starfa. Viðkomandi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu, verður ráðinn leiðbeinandi í starfið.

Starfshlutfall: 100% í leikskóla / 75% á gæsluvelli

Vinnufyrirkomulag: Dagvinna á virkum dögum.

Ráðningartímabil: Frá enda maí til loka ágúst. Viðkomandi starfar á gæsluvelli sem starfræktur er á Kirkjugerði í sumarlokun.

Helstu verkefni:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.
- Vinnur samkvæmt því skipulagi sem deildarstjóri og leikskólastjóri ákveða.
- Vinnur í samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna undir stjórn deildarstjóra.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Leyfisbréf til kennslu eða önnur menntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Reynsla af vinnu með börnum kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Íslenskukunnátta.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.

Laun skv. kjarasamningi: Félag leikskólakennara eða Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Eyja Bryngeirsdóttir skólastjóri í síma 488 2280 eða á netfangið eyja@vestmannaeyjar.is